

Alþingi

Erindi nr. P 135/1712

komudagur 10.3.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2008


Efni: Umsögn um frumvarp til innheimtulaga.


Vísað er til bréfs nefndarinnar frá 19. febrúar sl., þar sem Intrum á Íslandi er veittur kostur á að senda umsögn sína um fram komið frumvarp til innheimtulaga. Félagið sendi umsögn um frumvarp til innheimtulaga árið 2005, sem er hjálögð, en núverandi frumvarp er um flest samhljóða því frumvarpi. Vísast til þeirrar umsagnar um athugasemdir, samanber þó neðanritað.

Ein umfangsmesta breytingin sem orðið hefur á frumvarpinu er á 12. gr. þess, sem nú kveður á um heimild ráðherra, en ekki skyldu, til að ákveða í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, auk þess sem kveðið er á um að haft skuli samráð við hagsmunaaðila. Þessar breytingar eru vissulega til bóta en félagið vill þó enn ítreka sjónarmið sín frá fyrri umsögn, um galla þess að slík heimild sé í lögum.

- Þessi heimild er á skjön við ríkjandi viðhorf, um að samkeppni á markaði eigi að setja þennan ramma. Samkeppnisyfirvöld hafa hafnað málaleitan Lögmannafélags Íslands um að setja hliðstæðar reglur fyrir innheimtur lögmanna.
- Samkeppni á innheimtumarkaði hefur verið á þessu sviði, ekki síður en um þjónustustig og tæknilausnir. Kröfuhafar setja einatt fram ákveðnar kröfur um það hvað heimilt er að leggja hátt gjald á greiðendur og hvað kröfuhafar eru reiðubúnir til að taka á sig af kostnaði af innheimtu vanskilakrafna.
- Hætta er á að með hámarki skapist jafnframt lágmark kostnaðarins. Samkeppni á þessu sviði heyrði sögunni til.
- Intrum er ekki kunnugt um dæmi sem sýna fram á þörf á slíku hámarki a.m.k. ekki í milliinnheimtu.
- Í reynd er ráðherra, með heimild til að setja reglugerð, falið vald til að ráða afkomu greinarinnar. Fáar, ef nokkur atvinnugrein, eru svo ofurseldar pólitísku valdi.
- Það verður að telja að svo mikilisvert inngrip í atvinnu- og samningsfrelsið þurfi frekari raka við en fram koma í greinargerð með frumvarpinu.
- Telji greiðendur innheimtufyrirtæki fara offari í álagningu þóknunar eiga þeir það úrræði að neita greiðslu þóknunarinnar og láta dómstóla skera úr um réttmæti hennar, eftir almennum leiðum.

Félagið þakkar fyrir að hafa getað komið sjónarmiðum sínum á framfæri og lýsir sig fúst til frekara samstarfs á síðari stigum.

Virðingarfyllt

Bjarni Þór Oskarsson, hrl.
lögfræðilegur ráðgjafi



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til innheimtulaga.

Intrum á Íslandi ehf. tók til starfa árið 1996. Félagið var frumherji á sviði „milliinnheimtu“ hér á landi, þ.e. innheimtu krafna án atbeina lögmannna og dómstóla. Með innkomu þess á markaðinn kvað við nýjan tón, þar sem reynt var að ganga fram með lægri tilkostnaði fyrir greiðandann, m.a. til að tryggja viðskiptasamband hans og kröfuhafans. Fyrir vikið kemur Intrum fyrr að innheimtu vanskilakrafna, en lögmenn gera almennt, en segja má að með samstarfi kröfuhafa við Intrum sé starfsemi innheimtudeilda kröfuhafa „útvistað“ til Intrum, að hluta eða öllu leyti.

Intrum á Íslandi er og hefur lengi verið þeirrar skoðunar að heppilegt sé að hér á landi gildi löggjöf um innheimtustarfsemi, líkt og í flestum nágrannaríkjum okkar. Intrum sækir að verulegu leyti þekkingu og starfsaðferðir til landa þar sem slík löggjöf er til staðar, en Intrum Justitia ab., sem er í grunninn sænskt félag, með starfsemi í 22 ríkjum Evrópu, á aðild að Intrum á Íslandi ehf.

Intrum telur að í frumvarpinu séu nokkur atriði sem betur mættu fara og önnur sem vert er að staldra við. Verður sá háttur hafður á að fjalla stuttlega um hvert atriði, eins og þau koma fyrir í greinum frumvarpsins.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins virðist ekki gert ráð fyrir að lögaðili uppfylli skilyrði stafliða a og e í 1. mgr., enda þótt telja verði fulla ástæðu til slíks. Reyndar mætti vel hugsa sér að sett væru fram skilyrði um gjaldfærni slíks lögaðila og eftirlit með að þau væru uppfyllt.

Í 7. gr. eru nokkur atriði sem vert er að staldra við.

- Gert er ráð fyrir a.m.k. 10 daga fresti á innheimtuviaðvörðun frá sendingu. Að mati Intrum er þessi lágmarks frestur óþarflega langur og ekki í takt við þá skilvirkni sem ætlast er til, fremur en það hve auðvelt er að koma af sér greiðslu, svo sem með aðgengi að bankaþjónustu á internetinu.
- Í staflið d er gert ráð fyrir að upphafsdagur dráttarvaxta sé gefinn upp. Þetta getur reynst flókið, sérstaklega í þeim tilfellum þegar um er að tefla langvarandi viðskiptasamband eða margar úttektir, ekki síst þegar greiðandi hefur innt af hendi innborganir á skuldina. Telja verður að áskilnaður um sundurgreiningu

kröfunnar í staflið c eigi að tryggja réttarstöðu greiðandans hvað þetta atriði varðar.

- Í niðurlagi 3. mgr. er tiltekið að nægilegt sé að koma greiðslu í ábyrgðarpóst fyrir lok frestsins. Þetta á lítinn rétt á sér, a.m.k. ef bankareikningur hefur verið gefinn upp til að koma greiðslu á og verður tæpast notað nema af þeim sem vilja ná sér í tveggja daga greiðslufrest til viðbótar, með nokkrum tilkostnaði fyrir kröfuhafa.
- Intrum telur að skylda til sendingar innheimtuviðvörunar eigi að vera skýrari og að undanþága 5. mgr. eigi að duga. Þannig yrði best gætt hagsmuna greiðenda og jafnræðis innheimtufyrirtækja í samkeppni við lögmenn.

Í greinargerð með 8. gr. er gert ráð fyrir að innheimtuaðili geti veitt afslætti af kröfu og jafnvel gefið hana eftir að fullu. Þarna er mun lengra gengið en almennt hefur verið talið að gildi um lögmannsumboð, en það hefur ekki verið talið fela í sér umboð til eftirgjafar af kröfu. Þetta vekur annars vegar spurningu um það hvort þörf sé á að veita innheimtuaðila svo víðtækt umboð og þá hins vegar hvort ekki sé rétt að það komi skýrar fram í lagatextanum sjálfum.

Í niðurlagi 8 gr. er mælt fyrir um það að samningar um greiðslu skuli vera skriflegir. Í reynd eru samningar um greiðslufyrirkomulag og greiðslufresti að stærstum hluta munnlegir og fara um síma. Engin rök eru færð fyrir því að setja þessa kröfu um skriflega samninga fram. Að mati Intrum væri heppilegra að fella þetta ákvæði niður eða setja fram reglu um það að greiðandi gæti krafist þess að slíkir samningar væru gerðir skriflega. Áskilnaður um skriflega samninga í öllum tilvikum mundi aðeins hafa í för með sér aukinn kostnað og frekari snúninga fyrir greiðandann.

Í 12. gr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Intrum hefur nokkrar efasemdir um þessa tilhögun.

- Þessi fyrirætlan er á skjön við ríkjandi viðhorf, um að samkeppni á markaði eigi að setja þennan ramma. Samkeppnisstofnun hefur hafnað málaleitan Lögmannafélags Íslands um að setja hliðstæðar reglur fyrir innheimtu lögmanna.
- Samkeppni á innheimtumarkaði hefur verið á þessu sviði, ekki síður en um þjónustustig og tæknilausnir. Kröfuhafar hafa sett fram ákveðnar kröfur um það hvað heimilt er að leggja hátt gjald á greiðendur og hvað kröfuhafar hafa verið reiðubúnir til að taka á sig af kostnaði af innheimtu vanskilakrafna.
- Hætta er á að með hámarki skapist jafnframt lágmark kostnaðarins. Samkeppni á þessu sviði heyrði sögunni til.
- Intrum er ekki kunnugt um dæmi sem sýna fram á þörf á slíku hámarki a.m.k. ekki í milliinnheimtu.
- Í greininni er ekki mælt á neinn hátt fyrir um það að ráðherra beri að hafa samráð við aðila á markaði, eða önnur hagsmunasamtök, hvorki um fjárhæðir né um grundvöll þeirra. Þar er t.d. ekkert minnst á hvort taka eigi tillit til þeirra hagsmuna sem innheimtan snýst um eða ekki, svo dæmi sé tekið.
- Í reynd er ráðherra með skyldu til að setja reglugerð falið vald til að ráða afkomu greinarinnar. Fáar, ef nokkur atvinnugrein, eru svo ofurseldar pólitísku valdi.
- Það verður að telja að svo mikilisvert inngríp í atvinnu- og samningsfrelsið þurfi frekari raka við en kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

- Telji greiðendur innheimtufyrirtæki fara offari í álagningu þóknunar eiga þeir það úrræði að neita greiðslu þóknunarinnar og láta dómstóla skera úr um réttmæti hennar, eftir almennum leiðum.

Það er skoðun Intrum að telji löggjafinn þörf á setningu hámarksfjárhæðar innheimtukostnaðar verði að tryggja betur faglegan grunn slíkra reglna en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Félagið þakkar fyrir að hafa getað komið sjónarmiðum sínum á framfæri og lýsir sig fúst til frekara samstarfs á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Bjarni Þór Óskarsson, hrl.
lögfræðilegur ráðgjafi